



Greiðsluafkoma ríkissjóðs ársins 2014

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir árið 2014 liggur nú fyrir en í aðalatriðum gefur það upplýsingar um afkomu ríkissjóðs á grundvelli innheimtra tekna og greiddra gjalda. Nokkur munur er á greiðsluuppgjöri annars vegar og uppgjöri á rekstrargrunni eins og ríkisreikningur er gerður eftir hins vegar. Hann felst einkum í því að í greiðsluuppgjöri er ekki tekið tillit til ýmissa fjárskuldbindinga og krafna sem áfallnar eru á árinu bæði á tekju- og gjaldahlið sem hafa ekki haft áhrif á greiðslur úr ríkissjóði.

Handbært fé frá rekstri var jákvætt um tæpa 85 ma.kr. en var neikvætt um 13,9 ma.kr. á árinu 2013. Innheimtar tekjur hækkuðu um 121,5 ma.kr. milli ára en greidd gjöld jukust um 58,7 ma.kr.

Fjárlög ársins gerðu ráð fyrir að innheimtar tekjur næmu 592,7 ma.kr. og gjöld á greiðslugrunni 604,4 ma.kr. og að handbært fé frá rekstri yrði jákvætt um 1,6 ma.kr. Við afgreiðslu fjárákalaga var gert ráð fyrir 69,5 ma.kr hækkingu á innheimtum tekjum. Þá hækkuðu gjaldaheimildir á greiðslugrunni um 25,1 ma.kr. með samþykkt fjárákalaga. Heildaráhrifin á handbært fé frá rekstri voru hækking um 48 ma.kr. frá fjárlögum. Til viðbótar við þetta bætist svo staða ónýtttra fjárheimilda frá fyrra ári sem fluttist á milli ára og námu þær gjaldaheimildir samtals 12,9 ma.kr.

Tekjur og gjöld raun og þróun heimilda (ma.kr.)

	<u>Raun</u>	<i>Fjárlög</i>	<i>Fjárákalög</i>	<i>Flutt frá fyrra ári</i>	<u>Heimildir</u>	<u>Frávik</u>
					<u>2014</u>	
Tekjur samtals	665,8	592,7	69,5	0	662,2	3,6
Gjöld samtals	-629,5	-604,4	-25,1	-12,9	-642,4	12,9
Tekjujöfnuður	36,3	-11,7	44,4	-12,9	19,8	16,5
Viðskiptareikningar, nettó	48,7	13,3	3,6	0	16,9	31,8
Handbært fé frá rekstri	85,0	1,6	48,0	-12,9	36,7	48,3

Eins og fram kemur í töflunni hér að ofan eru áætlaðar innheimtar tekjur 662,2 ma.kr. og heildargjaldaheimildir ársins á greiðslugrunni 642,4 ma.kr. og þannig var gert ráð fyrir að handbært fé frá rekstri yrði jákvætt um 36,7 ma.kr. Niðurstaða ársins varð hinsvegar sú að tekjuafgangur nam 36,3 ma.kr og handbært fé frá rekstri var jákvætt um 85 ma.kr. Viðskiptahreyingar skýra 48,7 ma.kr. af þessu handbæra fé, sem skýrist að mestu með niðurfærslu verðtryggðra húsnæðislána sem gjaldfærð var á árinu 2014 en greidd út í byrjun árs 2015. Þetta skýrir jafnframt að stærstum hluta verulega hækkingu annarra útgjalda milli ára.



Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar - desember 2014 (m.kr.) (tölur á verðlagi hvers árs)

	<u>2010</u>	<u>2011</u>	<u>2012</u>	<u>2013</u>	<u>2014</u>
Innheimtar tekjur	461.866	468.147	505.830	544.271	665.819
Greidd gjöld	530.963	525.500	546.289	570.840	629.498
Tekjujöfnuður	-69.097	-57.353	-40.459	-26.569	36.321
Viðskiptahreyfingar	-4.612	3.980	5.686	12.716	48.650
Handbært fé frá rekstri	-73.709	-53.373	-34.773	-13.853	84.971
Fjárfestingarhreyfingar	71.523	110.796	-27.105	-18.810	-9.585
Hreinn lánsfjárfjöfnuður	-2.186	57.423	-61.878	-32.663	75.386
Afborganir lána	-235.450	-224.227	-227.825	-98.083	-168.003
Innanlands	-132.628	-88.840	-63.616	-93.186	-57.600
Erlendis	-102.822	-135.387	-164.209	-4.897	-110.403
Lánsfjárfjöfnuður brúttó	-237.636	-166.804	-289.703	-130.746	-92.617
Lántökur	329.611	383.044	240.227	83.424	182.486
Innanlands	201.556	151.773	95.939	83.424	66.048
Erlendis	128.055	231.271	144.288	0	116.438
Breyting á handbæru fé	91.975	216.240	-49.476	-47.322	89.869

Innheimtar tekjur ríkissjóðs á árinu 2014 jukust um 22,3% á milli ára og námu alls 665,8 ma.kr. skv. bráðabirgðauppgjörinu. Borið saman við upphaflega tekjuáætlun fjárlaga nemur aukningin 73,1 ma.kr. eða 12,3%. Í fjárukalögum voru áætlaðar tekjur ársins hækkaðar um 69,5 ma.kr. í 662,2 ma.kr og er því bráðabirgðaútkoman 3,6 ma.kr. hærrí en fjárukalagaáætlunin. Stærstur hluti fráviks tekjuáætlunar í fjárukalögum samanborið við fjárlög var vegna arðgreiðslna í ríkissjóð. Þá voru tekjuskattarnir að skila talsvert meiri tekjum en í upphaflegri áætlun. Í eftirfarandi umfjöllun eru frávik miðuð við tekjuáætlun fjárukalaga fyrir árið 2014 nema annað sé tekið fram og allar tölur eru á greiðslugrunni fjárlaga.

Af innheimtum tekjum voru skatttekjur og tryggingagjöld, sem eru tæp 90% teknanna, samtals 584,1 ma.kr. sem er 19,4% meira en árið á undan og 11,7 ma.kr. eða 2% yfir áætlun fjárukalaga. Rúmur helmingur þess fráviks er í tekjuskatti lögaðila.

Skattar sem lagðir eru á tekjur og hagnað námu alls 216,5 ma.kr. og er það 4,9% meira en áætlað var í fjárukalögum. Aukningin milli ára er veruleg, eða tæp 27%. Tekjuskattur einstaklinga nam 117,6 ma.kr. sem er 2,6 ma.kr. yfir áætlun og aukning um 7,3% milli ára. Aukningin frá upphaflegri fjárlagaáætlun er meiri, eða rúmir 8 ma.kr., og endurspeglar að hluta til vanmat á óreglulegum þáttum eins og sérstökum útgreiðslum séreignarsparnaðar og eftirstöðvinnheimtu, en þó einkum meiri bata á vinnumarkaði sem kemur fram í um hálfis prósentustigs meiri hækkun launastofnsins en í forsendum fjárlaga.

Tekjuskattur lögaðila jókst um 63% á milli ára og nam 65,9 ma.kr. sem er 6,1 ma.kr. yfir áætlun. Þar af nam sérstakur fjársýsluskattur 13 ma.kr., sem er mun hærrí fjárhæð en árið áður þegar hann nam tæplega 2 ma.kr. Án sérstaka fjársýsluskattsins eykst tekjuskattur lögaðila um 37% milli ára. Það er um þriðjungumfram það sem reiknað var með í fjárlögum og 13% umfram áætlun fjárukalaga, þar sem tekið hafði verið mið af álagningu á hagnað



ársins 2013. Fjárhæðin sem skilað hefur sér í ríkissjóð á árinu (að sérstaka fjársýsluskattinum áfram frátöldum) nemur rúmlega 95% af álögðum tekjuskatti á lögaðila sl. haust, en þetta hlutfall var tæp 87% á sama tíma í fyrra. Uppgjör þessa tekjuliðar á eftir að skýrast betur, svo sem hverjar bókfærðar tekjur á rekstrargrunni reynast og endanlegt innheimtu-hlutfall.

Fjármagnstekjuskattur nam 33 ma.kr. sem er nokkuð yfir áætlun. Sá hluti sem leggst á ríkissjóð sjálfan var áætlaður 7,6 ma.kr. en að öðru leyti er fjármagnstekjuskattur að mestu borinn af einstaklingum. Fullsnemmt er að greina frávik frá áætlun í fjármagnstekjuskatti þar sem búast má við að tölurnar eigi enn eftir að taka breytingum. Ljóst er þó að áætlanir um auknar tekjur af fjármagnstekjuskatti á einstaklinga gengu riflega eftir og nemur aukningin um 40% milli ára miðað við þessar tölur. Minna má á að við síðustu álagningu kom í ljós að fjármagnstekjur einstaklinga höfðu aukist um 21% á milli árunna 2012 og 2013, og þar af jókst sá hluti sem innheimtur er eftirá, þ.e. á árinu 2014, um 59%.

Tekjur ríkissjóðs janúar-desember 2012-2014

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %		
	2012	2013	2014	2012	2013	2014
Skatttekjur og tryggingagjöld	463.798	489.049	584.126	7,9	5,4	19,4
Skattar á tekjur og hagnað	157.097	170.867	216.448	6,2	8,8	26,7
Tekjuskattur einstaklinga	101.613	109.519	117.556	9,7	7,8	7,3
Tekjuskattur lögaðila	38.075	40.453	65.888	28,8	6,2	62,9
Skattur á fjármagnstekjur	17.409	20.895	33.003	-32,2	20,0	57,9
Eignarskattar	15.091	15.747	17.265	42,0	4,3	9,6
Skattar á vöru og þjónustu	203.966	212.084	223.403	9,3	4,0	5,3
Virðisaukaskattur	135.472	141.926	152.019	9,7	4,8	7,1
Vörugjöld af ökutækjum	4.188	4.329	4.924	53,3	3,4	13,8
Vörugjöld af bensíni	11.957	11.533	11.586	1,3	-3,5	0,5
Skattar á olíu	6.894	7.136	7.514	6,3	3,5	5,3
Áfengisgjald og tóbaksgjald	16.426	17.249	18.117	6,4	5,0	5,0
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	29.031	29.911	29.243	9,2	3,0	-2,2
Tollar og aðflutningsgjöld	7.645	5.595	6.125	8,1	-26,8	9,5
Aðrir skattar	14.656	16.272	48.389	29,7	11,0	197,4
Tryggingagjöld	65.342	68.485	72.497	-1,3	4,8	5,9
Fjárframlög	1.677	985	1.074	-4,0	-41,3	9,1
Aðrar tekjur	38.795	53.483	79.192	17,9	37,9	48,1
Sala eigna	1.561	754	1.427	-	-	-
Tekjur alls	505.830	544.271	665.819	8,0	7,6	22,3

Tekjur af eignarsköttum eru 0,2 ma.kr. eða 1,4% yfir áætlun og námu alls 17,3 ma.kr. sem er 9,6% aukning á milli ára. Innheimta auðlegðarskatts, sem lagður var á í síðasta sinn á árinu 2014, jókst um 24,6% á milli ára og nam hún 10,6 ma.kr. sem er 0,2 ma.kr. yfir áætlun. Stimpilgjöld námu 3,5 ma.kr. sem er 0,1 ma.kr. yfir áætlun og samdráttur upp á 12,2% á milli ára. Sá samdráttur skýrist af ákvæðum nýrra laga um stimpilgjald sem m.a.



fela í sér afnám þess í mörgum tilvikum, en þau tóku gildi í upphafi ársins 2014. Erfðafjárskattur skilaði 2,5 ma.kr. sem er 0,1 ma.kr. undir áætlun og aukning um 2% á milli ára.

Skattar á vöru og þjónustu eru á áætlun og námu samtals 223,4 ma.kr. á árinu 2014 sem er aukning um 5,3% á milli ára. Áætlunin var lækkuð lítillega í fjárukalögum, sem skýrist að hluta af því að gjaldskrá krónutölugjalda var lækkuð um 1% um vorið, en þau vega um fimmtung í þessum flokki.

Innheimtar tekjur af virðisaukaskatti námu 152 ma.kr. sem er í samræmi við áætlun fjárlaga (óbreytt í fjárukalögum). Innheimtan jókst um 7,1% milli ára en verðbólgan var 2,0% og því nam raunaukningin 5,0%. Sé litið á hlut hinna ýmsu endurgreiðslna þá jukust þær úr 14,7 í 16,7 ma.kr. eða um 13,2% á milli ára. Innheimtur virðisaukaskattur af innflutningi og innlendri starfsemi jókst um 7,7% á milli ára, eða 5,6% að raunvirði. Það er nokkuð umfram vöxt einkaneyslu sem skv. spám var tæplega 4% í fyrra, en fyrstu tölur Hagstofu þar um verða birtar að nokkrum dögum liðnum. Mikil fjölgun ferðamanna er meðal þess sem ætti að skýra auknar tekjur af virðisaukaskatti á árinu 2014, en þróun þessa mikilvæga tekjuliðar verður nánar greind á næstunni þegar frekari upplýsingar liggja fyrir um samsetningu álagningarinnar og þjóðhagsreikninga síðasta árs.

Almenn vörugjöld námu 5,7 ma.kr. sem er í samræmi við áætlun fjárukalaga. Frávikið frá upphaflegri áætlun er þó neikvætt um 0,7 ma.kr. og varð aukning þessa liðar aðeins 1,3% á milli áranna 2013 og 2014. Almennu vörugjöldin voru lögð af í ársbyrjun 2015. Tekjur af vörugjöldum af ökutækjum jukust um 13,8% á milli ára og námu 4,9 ma.kr. sem er 0,1 ma.kr. yfir áætlun.

Vörugjöld af bensíni og kolefnisgjald skiluðu minni tekjum á árinu en áætlað var í fjárlögum, en olíugjald aftur á móti meiri tekjum. Greitt var bensíngjald af um 4% lægri stofni en á árinu 2013 en stofn olíugjaldsins jókst um rúm 2%. Miðað við áætlun fjárukalaga voru vörugjöld af bæði bensíni og olíu lítillega yfir áætlun. Innheimta bifreiðagjalds nam 6,5 ma.kr. sem er samkvæmt áætlun.

Tekjur af áfengis- og tóbaksgjöldum jukust um 5% á milli ára og námu samtals 18,1 ma.kr. Þar af námu tekjur af áfengisgjaldi 12,2 ma.kr. og tekjur af tóbaksgjaldi 5,9 ma.kr. og er innheimta beggja gjalda í samræmi við áætlun. Heildaráfengissala mæld í vínanda var 2,4% meiri á árinu 2014 en á árinu 2013. Sala á vindlingum jókst örlítið á milli ára eða um 0,2% að magni til.

Innheimta tolla og annarra aðflutningsgjalda var 9,5% hærrí á árinu 2014 en hún var á árinu 2013 og nam 6,1 ma.kr. sem er 1,9 ma.kr. meira en gert var ráð fyrir í upphaflegri áætlun fjárlaga og 0,8 ma.kr. umfram áætlun fjárukalaga. Ljóst er að niðurfelling tolla af innfluttum vörum frá Kína eftir gildistöku fríverslunarsamnings Íslands og Kína þann 1. júlí sl. hafði minni áhrif á árinu 2014 en reiknað var með.



Aðrir skattar námu 48,4 ma.kr. á árinu sem er í samræmi við áætlun. Þar af námu gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra og útvarpsgjald samtals 5,8 ma.kr. Almennur fjársýsluskattur nam 3,1 ma.kr. Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki, öðru nafni bankaskattur, nam 34,5 ma.kr. á árinu sem er 0,2 ma.kr. undir áætlun.

Tekjur af tryggingagjöldum jukust um 5,9% á milli ára og námu samtals 72,5 ma.kr. sem er sama fjárhæð og áætluð var í fjárukalögum en 1,5 ma.kr. yfir áætlun fjárlaga. Innheimtan gefur til kynna að stofn tryggingagjalds, sem er góður mælikvarði á heildarlaunastofn landsmanna, hafi aukist um nálægt 7% á fyrstu 11 mánuðum síðasta árs.

Aðrar tekjur námu 79,2 ma.kr. samkvæmt þessum bráðabirgðatölum en áætlun fjárukalaga er 87,1 ma.kr. Helstu liðir hér undir eru tekjur af vöxtum og arði, veiðigjaldi, sektum og af sölu vöru og þjónustu. Tekjur af arði eru ekki marktækar enn, einkum sá hluti sem bíður ársuppgjörs Seðlabankans. Séu arðgreiðslur undanskildar er þessi liður í heild á áætlun, þótt frávik séu í einstökum undirliðum. Veiðigjald skilaði samtals 8,9 ma.kr. í innheimtu, þar af nam almenna veiðigjaldið 4,6 ma.kr. en það sérstaka 4,3 ma.kr. Jákvætt frávik veiðigjalda frá áætlun ársins 2014 er 0,5 ma.kr.

Greidd gjöld námu 629,5 ma.kr. og jukust eins og áður segir um 58,7 ma.kr. frá fyrra ári, eða um 10,3% sem er heldur minna en gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld til einstakra málaflokka breyttust mismikið milli ára eins og sést í meðfylgjandi töflu.

Þróun útgjalda eftir málaflokkum janúar-desember 2012-2014

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári	
	2012	2013	2014	2013	2014
Fjármagnskostnaður	75.570	75.923	76.932	0,5	1,3
Almenn opinber þjónusta	47.883	50.711	52.170	5,9	2,9
Almannatryggingar og velferðarmál	137.325	134.917	138.994	-1,8	3,0
Heilbrigðismál	120.836	128.990	139.524	6,7	8,2
Efnahags- og atvinnumál	56.061	60.054	64.328	7,1	7,1
Menntamál	48.968	52.282	54.073	6,8	3,4
Menningar, íþróttar og trúmál	16.134	18.093	18.079	12,1	-0,1
Lög- og réttargæsla	21.343	21.617	23.088	1,3	6,8
Önnur útgjöld	22.171	28.253	62.310	27,4	120,5
Gjöld alls	546.289	570.839	629.499	4,5	10,3

Þróun málaflokkanna er rakin frekar í greiningu á frávikum hvers málaflokks. Þegar fjallað er um áætlun hér að neðan er átt við fjárlög og fjárukalög að viðbættum fluttum fjárheimildum frá fyrra ári.

Útgjöld einstakra málaflokka - frávik milli ára janúar - desember 2013-2014

	2014	2013	% breyt.
Æðsta stjórnarsýsla og löggjafarvald	4.079	3.990	2,2
Fjármálastjórnarsýsla ríkisins	10.530	10.109	4,2
Utanríkismál	12.046	11.729	2,7
Önnur almenn opinber þjónusta	7.991	8.506	-6,1



<i>Fjármagnskostnaður</i>	76.932	75.923	1,3
<i>Almenn fjárframlög til sveitarfélaga</i>	17.524	16.377	7,0
Almenn opinber þjónusta	129.103	126.634	1,9
Lög- og réttargæsla	23.088	21.617	6,8
<i>Almenn atvinnumál og markaðseftirlit</i>	6.175	5.938	4,0
<i>Landbúnaðarmál</i>	14.730	14.747	-0,1
<i>Samgöngumál</i>	26.614	23.870	11,5
<i>Rannsóknir og þróun í efnahags- og atv.málum</i>	4.561	4.676	-2,5
<i>Önnur efnahags- og atvinnumál</i>	12.248	10.823	13,2
Efnahags- og atvinnumál	64.328	60.054	7,1
<i>Lyf og lækningavörur</i>	18.528	18.102	2,4
<i>Heilsugæsla</i>	28.797	25.960	10,9
<i>Sjúkrahúspjónusta</i>	59.942	55.423	8,2
<i>Hjúkrunar- og endurhæfingarstofnanir</i>	28.023	25.215	11,1
<i>Heilbrigðiseftirlit og stjórnsýsla</i>	4.234	4.290	-1,3
Heilbrigðismál	139.524	128.990	8,2
<i>Menningarmál</i>	8.336	8.866	-6,0
<i>Íþróttir, fjölmiðlun, félags- og trúmál</i>	9.743	9.227	5,6
Menningar- og félagsmál	18.079	18.093	-0,1
<i>Framhaldsskólastig</i>	22.111	20.831	6,1
<i>Háskólastig</i>	27.461	26.728	2,7
<i>Önnur menntamál</i>	4.502	4.724	-4,7
Menntamál	54.073	52.282	3,4
<i>Örorka og fötlun</i>	37.554	34.392	9,2
<i>Öldrun</i>	47.157	42.166	11,8
<i>Fjölskyldur og börn</i>	23.197	23.540	-1,5
<i>Atvinnuleysi</i>	14.421	18.060	-20,1
<i>Vaxtabætur</i>	8.468	8.991	-5,8
<i>Önnur trygginga- og velferðarmál</i>	8.196	7.767	5,5
Almannatryggingar og velferðarmál	138.994	134.917	3,0
<i>Lífeyrisskildbindingar, eftirlaun</i>	11.198	10.372	8,0
<i>Fjármagnstekjuskattur</i>	7.198	5.324	35,2
<i>Niðurfærsla verðtryggðra húsnæðislána</i>	35.801	0	-
<i>Annað</i>	8.113	12.557	-35,4
Önnur útgjöld	62.310	28.253	120,5
Gjöld alls	629.498	570.840	10,3

Útgjöld til almennrar þjónustu námu samtals 129,1 ma.kr. á árinu samanborið við 126,6 ma.kr. á síðasta ári sem er minna en heimildir gerðu ráð fyrir. Fjármagnskostnaður ríkissjóðs skýrir stærstan hluta þessara útgjalda eða um 60%, en hann nam tæpum 77 ma.kr. á tímabilinu og jókst lítillega milli ára en var lægri en gert hafði verið ráð fyrir.



Útgjöld vegna utanríkismála námu rúmum 12 ma.kr. sem er svipað og á fyrra ári en nokkuð minni en gert hafði verið ráð fyrir. Af þessum útgjöldum námu útgjöld sendiráða Íslands tæpum 3 ma.kr., útgjöld vegna alþjóðastofnana 2,6 ma.kr., útgjöld vegna alþjóðlegra samskipta 1,2 ma.kr. og útgjöld Þróunarsamvinnustofnunar 1,6 ma.kr. Almenn framlög til sveitarfélaga í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga námu 17,5 ma.kr. á tímabilinu og jukust lítillaga milli ára eins og gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld vegna fjármálastjórnsýslu ríkisins voru lægri en áætlanir höfðu gert ráð fyrir og námu 10,5 ma.kr. þar sem mest munaði um útgjöld Ríkisskattstjóra sem námu 2,9 ma.kr., útgjöld Tollstjóra sem námu 2,6 ma.kr. og útgjöld Fjárslu ríkisins sem námu 1,6 ma.kr. Útgjöld til annarra liða sem falla undir almenna opinbera þjónustu námu um 12,1 ma.kr. og voru svipuð og á fyrra ári.

Útgjöld til lög- og réttargæslu námu 23,1 ma.kr. og aukast um 6,8% á milli ára sem er minna en gert hafði verið ráð fyrir. Stærstu útgjaldapættirnir eru útgjöld Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu sem námu 3,8 ma.kr. og aukast lítillaga á milli ára og útgjöld Landhelgisgæslu Íslands sem námu 3,2 ma.kr. Þá námu útgjöld Ríkislögreglustjóra 1,8 ma.kr. á tímabilinu, útgjöld sýslumannsembætta 3,5 ma.kr., útgjöld héraðsdómstóla 1,4 ma.kr., útgjöld Fangelsismálastofnunar 1,4 ma.kr. og útgjöld vegna framkvæmda við fangelsisbyggingar 994 m.kr.

Útgjöld til efnahags- og atvinnumála jukust um 4,3 ma.kr. á milli ára og námu 64,3 ma.kr. á árinu sem er nokkuð minna en það sem gert hafði verið ráð fyrir. Stærstu útgjaldaliðir þessa flokks eru útgjöld vegna samgöngumála sem námu 26,6 ma.kr. samanborið við 23,9 ma.kr. á fyrra ári. Útgjöld Vegagerðarinnar skýra þetta að stærstum hluta en þau námu 22,7 ma.kr. á árinu. Útgjöld vegna landbúnaðarmála námu 14,7 ma.kr. þar sem mest munar um greiðslur vegna landbúnaðarframleiðslu sem námu rúmum 11,8 ma.kr. Útgjöld vegna almennra atvinnumála og markaðseftirlits námu 6,2 ma.kr. þar sem munar mest um útgjöld Fjármálaeftirlitsins sem námu 1,6 ma. kr. Útgjöld vegna rannsókna og þróunar í efnahags- og atvinnumálum námu 4,6 ma.kr. þar sem mest munar um útgjöld Hafrannsóknarstofnunar upp á 1,4 ma.kr., útgjöld vegna matvælarannsókna 598 m.kr., útgjöld Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands upp á 535 m.kr. og útgjöld Tækniþróunarsjóðs upp á 1 ma.kr. Þá námu útgjöld vegna annarra efnahags- og atvinnumála 12,2 ma.kr. þar sem endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi námu 1,6 ma.kr., niðurgreiðslur á húshitun 1,4 ma.kr., styrkir til nýsköpunarfyrirtækja 1,2 ma.kr., útgjöld Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða voru 959 m.kr. og útgjöld Fiskistofu um 844 m.kr.

Útgjöld til heilbrigðismála námu 139,5 ma.kr. og jukust um rúma 10,5 ma.kr. milli ára. sem er jafnframt 4,4 ma.kr. umfram það sem gert var ráð fyrir. Útgjöld vegna lyfja og lækningavara námu 18,5 ma.kr. samanborið við 18,1 ma.kr. 2013 sem er svipað og gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld vegna heilsugæslu námu 28,8 ma.kr. samanborið við tæpa 26 ma.kr. 2013. Greiðslur Sjúkratrygginga vegna heilsugæsluþjónustu námu 13,6 ma.kr. og útgjöld Heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu námu 4,9 ma.kr. Útgjöld vegna sjúkráðsþjónustu námu 59,9 ma.kr. samanborið við 55,4 ma.kr. 2013 og eru töluvert umfram það sem gert hafði verið ráð fyrir. Langstærstur hluti þessara útgjalda skýrist með útgjöldum Landspítala sem námu 44,3 ma.kr. en útgjöld Sjúkráðsins á Akureyri námu 5,5



ma.kr. og annarra heilbrigðisstofnana 7,9 ma.kr. Útgjöld vegna hjúkrunar- og endurhæfingarstofnana námu rúmum 28 ma.kr. og jukust um 2,8 ma.kr. milli ára. Þá námu útgjöld vegna heilbrigðiseftirlits og stjórnsýslu 4,2 ma.kr. á árinu sem er svipað og á fyrra ári. Í heild námu útgjöld vegna sjúkratrygginga 34,6 ma.kr. á tímabilinu og jukust um 2,5 ma.kr. milli ára og voru 1,2 ma.kr. umfram það sem gert hafði verið ráð fyrir.

Útgjöld til menningar- og félagsmála námu 18,1 ma.kr. á tímabilinu og voru svipuð og á fyrra ári eins og gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld til menningarmála skýra 8,3 ma.kr. þar sem mest munar um útgjöld vegna Sinfóníuhljómsveitar Íslands sem námu 926 m.kr. rekstur Landsbókasafns-Háskólabókasafns sem nam 789 m.kr., framlög til lista sem námu 974 m.kr., útgjöld vegna Þjóðleikhússins sem námu 807 m.kr. og útgjöld vegna Kvikmyndamiðstöðvar Íslands sem námu 809 m.kr. Útgjöld vegna íþróttar, fjölmiðlunar, félags- og trúmála námu 9,7 ma.kr. þar sem helstu útgjaldapættir eru Ríkisútvarpið 3,5 ma.kr. og útgjöld vegna kirkju- og sóknamála samtals 5,3 ma.kr.

Útgjöld til menntamála námu 54,1 ma.kr. á árinu og jukust um tæpa 2 ma.kr. milli ára en voru nokkuð lægri en gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld vegna framhaldsskólastigs námu 22,1 ma.kr. og jukust á milli ára en voru nokkuð lægri en gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld vegna háskólastigs námu 27,5 ma.kr. samanborið við 26,7 ma.kr. á fyrra ári sem var svipað og gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld Háskóla Íslands námu 12,8 ma.kr. á tímabilinu og útgjöld Lánasjóðs íslenskra námsmanna 8,3 ma.kr. Þá námu útgjöld vegna Háskólans í Reykjavík 2,3 ma.kr. og Háskólans á Akureyri 1,7 ma.kr. Útgjöld vegna annarra menntamála námu 4,5 ma.kr. þar sem mest munar um útgjöld vegna símenntunar og fjarkennslu upp á 1,3 ma.kr.

Útgjöld vegna almannatrygginga og velferðarmála námu tæpum 139 ma.kr. á árinu 2014 og jukust lítillega milli ára eins og gert hafði verið ráð fyrir. Undir þennan flokk falla stórir bóталиðir og skýra þeir langstærstan hluta útgjaldanna. Útgjöld vegna örorku- og fötlunarmála námu 37,6 ma.kr. þar sem mest munar um hlutdeild lífeyristrygginga í þessum málaflokki sem nam 29,2 ma.kr. á tímabilinu. Útgjöld vegna öldrunarmála námu 47,2 ma.kr. og aftur skýrir hlutdeild lífeyristrygginga stærstan hluta og námu slík útgjöld 37,8 ma.kr. og bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð 6,6 ma.kr. Útgjöld vegna fjölskyldu- og barnamála námu 23,2 ma.kr. þar sem barnabætur upp á 9,8 ma.kr. og útgjöld vegna Fæðingaorlofs upp á 8,9 ma.kr. skýra stærstan hluta útgjalda. Útgjöld vegna atvinnuleysis námu 14,4 ma.kr. samanborið við 18,1 ma.kr. í fyrra og eru því að dragast verulega saman milli ára sem er í samræmi við það sem gert hafði verið ráð fyrir. Greiddar vaxtabætur námu 8,5 ma.kr. á tímabilinu sem er svipað og gert hafði verið ráð fyrir. Önnur trygginga- og velferðarmál námu 8,2 ma.kr. á tímabilinu sem er svipað og gert hafði verið ráð fyrir. Í heild námu útgjöld vegna lífeyristrygginga 70,8 ma.kr. og bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð 13,1 ma.kr.

Önnur útgjöld námu 62,3 ma.kr. á árinu samanborið við 28,3 ma.kr. á fyrra ári. Niðurfærsla verðtryggðra húsnæðislána sem nam 35,8 ma.kr. skýrir þetta að stærstum hluta. Útgjöld vegna lífeyrisskuldbindinga og eftirlauna námu 11,2 ma.kr. samanborið við 10,4 ma.kr. á



fyrri ári sem er meira en gert hafði verið ráð fyrir. Greiddur fjármagnstekjuskattur nam 7,2 ma.kr. á tímabilinu og jókst verulega milli ára. Þessar greiðslur renna í ríkissjóð og því er sambærilegt jákvætt frávik á tekjuhlið og því engin nettó áhrif á afkomu ríkissjóð. Þá námu útgjöld vegna umhverfisverndar 5,9 ma.kr., útgjöld vegna varnarmála 1,2 ma.kr. og útgjöld til húsnæðis- skipulags- og veitumála rúmum 1 ma.kr.

Lánsfjárjöfnuður ríkissjóðs

Hreinn lánsfjárjöfnuður tímabilsins var jákvæður um 75,4 ma.kr. en á sama tíma í fyrra var hann neikvæður um 32,7 ma.kr. Brúttó var lánsfjárjöfnuðurinn neikvæður um 92,6 ma.kr. en var neikvæður um 130,7 ma.kr. á sama tímabili 2013.

Afborganir og uppgreiðslur á lánum námu 168,0 ma.kr. þar sem afborganir af innlendum lánum ríkissjóðs námu 57,6 ma.kr. og af erlendum lánum 110,4 ma.kr.

Heildarlántökur á tímabilinu námu um 182,5 ma.kr. þar sem innlendar lántökur námu 66,1 ma.kr. og erlendar lántökur námu 116,4 ma.kr. Handbært fé ríkissjóðs jókst um 89,9 ma.kr. á tímabilinu.

Ríkissjóður Íslands gekk frá samningum í júlí um útgáfu skuldabréfa að fjárhæð 750 milljónir evra, eða jafnvirði um 116 ma.kr. Lánið var notað til að endurgreiða fyrirfram lán frá Norðurlöndunum sem tekin voru í tengslum við efnahagsáætlun stjórnvalda sem studd var af AGS árið 2008.